

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1014

Dagsetning: 6. febrúar 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir (GUP), Helgi Þorsteinsson (HP), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK) í gegnum fjarfundarbúnað, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (ROE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkeldsdóttir (SKP) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Sigurrós Jóhannsdóttir, leiðtogi sálfræðipjónustu barna og unglunga, sat fundinn undir lið 3.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 30. janúar 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Taugaþroskasetur

Sigurrós Jóhannsdóttir, leiðtogi sálfræðipjónustu barna og unglunga, kom á fundinn til að ræða hugmyndir um samþættingu geðþjónustu við fullorðna með þroskahamlanir, ADHD og einhverfu. Rætt var um að stofna sérstakt taugaþroskasetur fyrir fullorðna með svipaðri uppbyggingu og Geðheilsumiðstöð Barna. Framkvæmdastjórn tók vel í hugmyndirnar. Undirbúningi verður haldið áfram og málið tekið upp við heilbrigðisráðuneytið.

4. Starfsmannamál

Rætt um ýmis starfsmannamál. Umræður um samskipti heilbrigðisstarfsmanna og lyfjafyrirtækja og mikilvægi þess að hafa skýrar reglur hjá stofnuninni.

5. Lyfjafræðingar hjá HH

Umræður um skipulag tengt lyfjafræðingum hjá HH, sem hefur fjölgað undanfarið og fyrirséð að þeim fjölgi enn frekar.

6. Öryggismál starfsmanna

Fjallað um öryggismál starfsmanna HH. Meira er um slæma framkomu við starfsfólk, ógnanir og hótanir en áður. Skýrt er að allt ofbeldi og hótanir gagnvart starfsfólki verður kært til lögreglu. Málið hefur verið tekið upp við landlækni og er í vinnslu á þeim vettvangi. Einnig var rætt um hvernig húsnæði og aðbúnaður styður við öryggi starfsfólks. Vinna þarf öryggisstefnu og fara yfir öryggismál á hverri og einni hverja og eina starfsstöð HH.

7. Heilsugæslan Glæsibæ

Mögulegt er að stækka Heilsugæsluna Glæsibæ með rými á neðri hæð en ræða þarf við stjórnendur stöðvarinnar um stækkunarmöguleika, húsnæðismál og ýmis önnur mál.

8. Húsnæðismál

Umræður um ýmis húsnæðismál. Rætt um möguleika á því að stækka Heilsugæsluna Miðbæ með því að bæta við núverandi húsnæði eða með því að flytja hana í annað húsnæði.

9. Þarfagreining fyrir heilsugæslustöð í Kópavogi

Unnið er að erindi þar sem óskað verður eftir þarfagreiningu fyrir nýja heilsugæslustöð í Kópavogi, nálægt Smáralind. Erindið verður sent á næstu dögum.

10. Skipulag launadeildar

Nýr deildarstjóri er kominn til starfa á launadeild. Rætt um skipulag deildarinnar og verkefni.

11. Grænu skrefin

Rætt um stöðuna á grænu skrefunum og hvort hægt sé að samþætta með vinnu um heilsueflandi vinnustað.

Aðgerðir og verkefni

- Halda þarf áfram undirbúningsvinnu vegna taugaþroskaseturs, sjá lið 3.
Ábyrgð: GUP
- Fara þarf yfir reglur um samskipti starfsfólks við lyfjafyrirtæki, sjá lið 4.
Ábyrgð: SKP
- Halda þarf áfram samtali við landlækni vegna öryggismála starfsfólks, sjá lið 6.
Ábyrgð: SDM
- Vinna þarf öryggisstefnu og gera úttekt á húsnæði og tækjabúnaði starfsfólks á öllum starfsstöðvum tengt öryggismálum, sjá lið 6.
Ábyrgð: HP
- Halda þarf samtali við stjórnendur Heilsugæslunnar Glæsibæ áfram með áherslu á stækkun og eflingu stöðvarinnar, sjá lið 7.
Ábyrgð: RÓE, NSK og SDM
- Áfram þarf að vinna að húsnæðismálum Heilsugæslunnar Miðbæ, sjá lið 7.
Ábyrgð: HP
- Ljúka þarf erindi vegna þarfagreiningar fyrir heilsugæslustöð nærri Smáralind, sjá lið 9.
Ábyrgð: HP
- Vinna þarf að endurskipulagningu ýmissa verkferla á launadeild, sjá lið 10.
Ábyrgð: HP
- Leita þarf leiða til að samþætta vinnu tengt heilsueflandi vinnustað og grænu skrefin, sjá lið 11.
Ábyrgð: SKP

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:30.